

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 14. desember 2023, klukkan 17:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Breyting á útsvarsprósentu.
Hreppsnefnd samþykkir hækkun á útsvari samkvæmt nýlegu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um mögulega hækkun um 0,23% vegna þjónustu við málaflokk fatlaðs fólks. Útsvarsprósentan verður því 14,45% eftir breytinguna.
2. Barnaverndarnefnd.
Tjörneshreppur getur ekki lengur sinnt þjónustu barnaverndarnefndar fyrir sveitarfélagið þar sem undanþága vegna fólksfjölda fékkst ekki. Hreppsnefnd Tjörneshrepps samþykkir að leita eftir barnaverndarþjónustu hjá Akureyrarbæ og felur oddvita að leita eftir samningi þar um við Akureyrarbæ, hugsanlega í samstarfi við Norðurþing og fleiri sveitarfélög í Þingeyjarsýslum.
3. Húsnæðisáætlun Tjörneshrepps.
Hreppsnefnd samþykkir húsnæðisáætlun Tjörneshrepps fyrir árið 2024.
4. Landamerki.
Oddviti upplýsti að vinna við landamerki er hafin hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
5. Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
6. Erindi frá DA.
Hreppsnefnd telur að húsnæðið sem DA er í á Húsavík ætti að vera nýtt fyrir eldri borgara þeirra sveitarfélaga sem eiga hlutdeild í DA.
7. Umsögn innviðaráðuneytisins um álit sveitastjórnar – seinni umræða.
Lagt fram. Engin frekari umræða.
8. Fjárhagsáætlun 2024 seinni umræða.
2024
Tekjur – 58.996.624
Gjöld – 45.754.000
9. Fjárhagsáætlun – þriggja ára áætlun seinni umræða
2025
Tekjur – 61.792.719
Gjöld – 47.910.000
2026
Tekjur – 64.462.529
Gjöld – 49.565.000
2027
Tekjur – 66.064.415
Gjöld – 50.537.000
10. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 25. Október.
Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
11. Umræða um sorpmál í Tjörneshreppi.
Umræða var um stærð tunna og tíðni ferða.
12. Refa- og minkaveiði.
Hreppsnefnd hefur áhyggjur af ágangi refa og minnka í sveitarfélaginu og tekur undir með Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga og þeim fjölmörgu sem mættu á fund í Lundi í Öxarfirði þann 12. Desember síðastliðin þar sem skorað er á ríkisvaldið, Umhverfisstofun og Norðurþing til að auka verulega fjármagn til refa-

og minkaveiða, þannig að hægt verði að útrýma mink og takmarka tjón af völdum refa. Afleitt er ef að eitt sveitarfélag ákveður að hætta alfarið refa- og minnkaveiðum með þeim afleiðingum að fjölgun dýranna veldur flæði yfir til annarra sveitarfélaga. Tjörneshreppur er tilbúinn í samvinnu við önnur sveitarfélög í þessu máli.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:33.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Kárason